

# Fjármálaáætlun 2024-2028

*Fjárlaganefnd 28. apríl 2023*

**Stjórnarráð Íslands**
Innviðaráðuneytið



# Fjármálaáætlun 2024-2028 - samtölur heildarútgjalda málefnasviða yfir fimm ára tímabil



# Samanburður fjármálaáætlana




* Fasteignaskrá færðist frá Þjóðskrá yfir til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar í FÁ 2024-2028




Hér eru ekki með talin lögbundin framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Eingöngu viðbótarframlög JS og byggðamál




* Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og Skipulagsstofnun bættust við málefnasvið 31 í FÁ 2023-2027



# Útgjaldarammi Innviðaráðuneytis 2024-2028




Allar fjárhæðir í milljörðum króna

# Fjárlagaliðir IRN sem falla undir málefnasviðin

## Málefnasvið 6

### Hagskýrslugerð og grunnskrár

- Þjóðskrá Íslands

## Málefnasvið 29

### Fjölskyldumál

- Meðlög skv. lögum 76/2003

## Málefnasvið 8

### Sveitarfélög og byggðamál

- Jöfnunarsjóður sveitarfélaga
- Byggðaáætlun
- Sóknaráætlanir landshluta
- Byggðastofnun
- Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni
- Jöfnun flutningskostnaðar

## Málefnasvið 11

### Samgöngu- og fjarskiptamál

- Almennur rekstur Vegagerðarinnar
- Þjónusta
- Styrkir til almenningssamgangna
- Framkvæmdir á vegakerfinu
- Framkvæmdir við vita og hafnir
- Botndælubúnaður við Landeyjahöfn
- Betri samgöngur
- Samgöngustofa
- Rannsóknarnefnd samgönguslysa
- Hafnabótasjóður
- Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta
- Innviðaráðuneyti
- Fastanefndir
- Samningar um öryggis- og björgunarmál
- Ýmis framlög
- Ráðstöfunarfé

## Málefnasvið 31

### Húsnæðis- og skipulagsmál

- Húsnæðis- og mannvirkjastofnun
- Húsnæðisbætur
- Stofnframlög
- (Hlutdeildarlán)
- Skipulagsstofnun
- Skipulagsmál sveitarfélaga

# Málefnasvið 6
# Hagskýrslugerð og grunnskrár

Málefnasviðið er sameiginlegt fjórum ráðuneytum. Hlutdeild innviðaráðuneytis er vegna Þjóðskrár Íslands.

## Helstu áherslur á tímabilinu:

- Aukið öryggi í stafrænni stjórnsýslu.
- Aukið framboð stafrænnar þjónustu.
- Þróun á þjóðskránni.

## Helstu áskoranir:

- Þróun nýs kosningakerfis.
- Aukið álag á vegabréfaútgáfu.
- Aukið álag á útgáfu dvalarleyfisskírteina.

# Þjóðskrá Íslands – helstu breytingar á ramma




Fjárhæðir í milljónum kr. – Breyting á rekstratekjum undanskilin.

- Árið 2024 falla niður tímabundnar fjárveitingar vegna þróun Þjóðskrárkerfis, uppfærslu gagnagrunna og miðlun gagna (69,2 m. kr.). Auk þess falla niður tímabundnar fjárveitingar vegna átaksverkefnis í landeignaskráningu (53 m. kr.).
- Aðrar breytingar koma til vegna aðhaldskröfu.

# Málefnasvið 8
# Sveitarfélög- og byggðamál

## Helstu áherslur á tímabilinu:

- Fjölmennari og öflugri sveitarfélög.
- Fjárhagslegur stuðningur við sameiningar sveitarfélaga tryggður út 2023.
- Stöðug framlög áfram til byggðamála .
- Framlagning á endurnýjaðri stefnu í málefnum sveitarfélaga.

## Helstu áskoranir:

- Fjárhagsleg staða sveitarfélaga.
- Málefni fatlaðs fólks.

# Framlög til sveitarfélaga – breyting á ramma




Myndin sýnir nettó breytingar á samtölum lögbundinna og viðbótarframlaga til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Fjárhæðir í milljónum kr.

- Lögbundið framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga eykst um samtals 20,5 ma. kr. á tímabilinu.

# Byggðamál – helstu breytingar á ramma




**Árið 2024 falla niður tímabundin framlög:**

- Til uppbyggingar atvinnulífs á Seyðisfirði í kjölfar hamfaranna í desember 2020 (55 m. kr.)
- Sóknaráætlanir landshluta, efling atvinnu- og menningarlífs (120 m. kr.)
- Til Byggðastofnunar vegna atvinnuráðgjafa á landsbyggðinni (40 m. kr.)
- Gert er ráð fyrir 148 m. kr. aðhaldi á tímabilinu.

# Málefnasvið 11
# Samgöngu- og fjarskiptamál

## Helstu áherslur á tímabilinu:

- Samgöngur á höfuðborgarsvæðinu – Samgöngusáttmáli.
- Samvinnuverkefni og jarðgangaáætlun.
- Endurskoðun á tekjuöflun ríkisins af ökutækjum og umferð.
- Endurskoðun samgönguáætlunar.
- Frumvarp um varaflugvallargjald.
- Loftbrúin verður starfrækt áfram.
- Orkuskipti í samgöngum.

Málefnasviðið er sameiginlegt tveimur ráðuneytum.

# Málefnasvið 11
# Samgöngu- og fjarskiptamál

## Helstu áskoranir:

- Mikil fjárfestingar- og viðhaldsþörf og miklar kostnaðarhækkanir. Vísitala Vegagerðarinnar hefur hækkað um 28% frá 2020.
- Umferð hefur aukist umtalsvert sl. áratug og með auknum vexti í ferðaþjónustu og útflutningsgreinum s.s. fiskeldi og jarðefnavinnslu reynir enn frekar á samgönguinnviði.
- Auknar kröfur um vetrarþjónustu og kostnaðarhækkanir.
- Almenningssamgöngur – auknar kröfur og kostnaðarhækkanir.
- Loftslagsmál - um þriðjungur losunar gróðurhúsalofttegunda kemur frá samgöngum.

# Samgöngu- og fjarskiptamál – helstu breytingar á ramma




Fjárhæðir í milljónum kr. – Breyting á rekstratekjum undanskilin.

- Aukning í nýframkvæmdir og viðhald vega um 32,5 ma. kr. á tímabilinu.
- Á móti falla niður tímabundin framlög að mestu tengd fjárfestingarátaki – um 8,3 ma.kr.
- Aukning í fjárfestingu á varaflugvöllum áætluð um 8,2 ma. kr. á næstu 5 árum.

# Málefnasvið 31
# Húsnæðis- og skipulagsmál

## Helstu áherslur á tímabilinu:

- Stefnur í húsnæðis- og skipulagsmálum lagðar fram á Alþingi.
- Uppsöfnuð íbúðaþörf. Byggja þarf um 3.000-4.000 íbúðir á ári næstu 10 ár.
- Framboð hagkvæmra íbúða á viðráðanlegu verði aukið bæði fyrir kaupendur og leigjendur. Ríkið styði fjárhagslega við 35% nýrra íbúða (1.400 íbúðir á ári).
- Samningar við sveitarfélög í húsnæðismálum m.a. um framboð byggingarhæfra lóða og stuðning frá ríkinu til að tryggja uppbyggingu íbúða fyrir tekjulága.
- Auka húsnæðisöryggi leigjenda.
- Rauntímaupplýsingar – stafræn stjórnsýsla.
- Einföldun regluverks.
- Vistvæn mannvirkjagerð.

# Málefnasvið 31
# Húsnæðis- og skipulagsmál

## Helstu áskoranir:

- Hærri fjármagnskostnaður og byggingarkostnaður (m.a. tengt lækkun á VSK endurgreiðslum ríkisins).
- Stjórnvöld styðja húsnæðisuppbyggingu en framboð lóða liggur hjá sveitarfélögum og bygging húsnæðis hjá verktökum.
- Vísbendingar um að hægari uppbygginu en þörf er á.

# Húsnæðis- og skipulagsmál - helstu breytingar á ramma




- Aukin stofnframlög um 2 ma.kr. á ári - samtals 10 ma. kr. á tímabilinu 2024-2028.
- Hækkun um 800 m.kr. á ári tengt hlutdeildarlánum (vaxtaleysi lána).
- Niður falla tímabundin aukin framlög til lögbundinna endurgreiðslna skipulagsgjalds (85 m. kr.)
- Gert er ráð fyrir 264 m. kr. aðhaldi á tímabilinu.

# Húsnæðismál 2023 og líkleg sviðsmynd 2024-2028

Á árinu 2023 er áætlað að um 3.000 íbúðir verði fullbúnar, þar af 530 íbúðir á viðráðanlegu verði eða 18%.

- 3,7 milljarðar kr. í stofnframlög.
- 3,8 milljarðar kr. í hlutdeildarlán (utan ramma fjármálaáætlunar).
- 18 milljarðar í almenn lán Húsnæðissjóðs (utan ramma fjármálaáætlunar).

Áætlaður fjöldi fjármagnaðra og fullbúinna íbúða á ári nemur 2.500 – 4.000 en líklega næst markmið um 4.000 íbúðir ekki fyrr en árið 2028.

- 3,7 milljarðar kr. í stofnframlög á ári.
- Lánsfjárheimildir Húsnæðissjóðs ákveðnar í fjárlögum hvers árs.

